

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/1740
komudagur 13.4.2012



Velferðarnefnd Alþingis,
Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. apríl 2012.
1B2.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um tímasetta áætlun um yfirfærslu heilsugæslunnar frá ríki til sveitarfélaga.
Þskj. 226 – 220. mál.

Með bréfi dags. 27. mars sl. sendi Nefndarsvið Alþingis Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins til umsagnar tillögu til þingsályktunar um tímasetta yfirfærslu heilsugæslunnar frá ríki til sveitarfélaga. Hér á eftir fylgir umsögn framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH) um þingsályktunartillöguna.

Framlögð tillaga gerir ráð fyrir því að aðskilja heilsugæslu frá annarri heilbrigðisþjónustu hvað fjármögnun og ábyrgð snertir. Heilsugæsla er hluti af heilbrigðisþjónustu við landsmenn og á því mun meiri samleið með annarri heilbrigðisþjónustu en annarri þjónustu svo sem félagsþjónustu. Við það að færa heilsugæsluna, en ekki aðra heilbrigðisþjónustu, til sveitarfélaganna skapast ýmis vandamál, sem geta bæði verið dýr og erfið viðfangs.

Mörk milli frumþjónustunnar (heilsugæslunnar) annars vegar og sérgreinaþjónustu lækna og göngudeildarþjónustu sjúkrahúsanna hins vegar eru mjög fljótandi. Í því eru miklir fjárhagslegir hagsmunir fyrir rekstraraðila fölgirnir hvar þjónustan er innt af hendi hverju sinni. Stýring á því hvar þjónusta er veitt hverju sinni hefur ekki reynst auðvelt verk hingað til og verður ekki einfaldari við að brjóta heilbrigðisþjónustuna upp í tvær aðskildar einingar. Því fylgir einnig ákveðin hættu á að annar aðilinn ýti einhverjum þjónustupáttum frá sér ef fjárhagsstaðan er erfið og getur þetta umhverfi kallað á flókin reikningskil eða reikningsuppgjör milli ríkis og sveitarfélaga.

Fólk er mjög hreyfanlegt og sækir oft þjónustu utan sinnar heimabyggðar. Til að mynda sækja margir þjónustu til Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins sem eiga heimili utan þess svæðis og þekkt er einnig þjónusta margra heilsugæslustöðva á landsbyggðinni við íbúa sumarhúsa. Reikningsgerð vegna þessarar þjónustu getur kallað á mikla skriffinnsku og vinnu og valdið viðbótarkostnaði við flutning heilsugæslunnar frá ríki til sveitarfélaga.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins vill leggja áherslu á að samskipti milli heilsugæslunnar og annarra þátta heilbrigðiskerfisins eru mjög mikilvæg og mun umfangsmeiri en samskipti milli heilsugæslu og félagslegrar þjónustu. Nauðsynleg samvinna milli heilsugæslunnar og félagsþjónustunnar á að geta náðst með gagnkvæmum samningum þegar við á. Má benda á í því sambandi þjónustusamning HH og Kópavogsbæjar um félagslega þjónustu svo og samstarfsverkefni milli einstakra heilsugæslustöðva og hverfamiðstöðva velferðarsviðs í Reykjavík.

Nauðsynlegt er að skilgreina hugtakið nærþjónusta. Vandséð er að þjónusta heilsugæslu verði færð nær notendum hennar en þegar er. Heimahjúkrun er veitt á heimili sjúklings, hluti þjónustu ung- og smábarnaverndar og mæðraverndar er veitt á heimili móður og barns og skólaheilsugæsla er veitt á vinnustað grunnskólabarna


Krafa umhverfisins um aukna og fjölbreyttari þjónustu innan heilsugæslunnar, svo sem um sálfélagslega þjónustu, kallar á ákveðið undirlag eða tiltekinn fjölda íbúa að baki hvers sérfræðings (s.s. sálfræðings, félagsfræðings, iðjuþjálfar, næringarfræðings). Heilsugæslustöðvar þurfa einfaldlega að vera að ákveðinni stærð til að eiga möguleika á að veita skjólstæðingum sínum fjölbreyttari þjónustu.


Fram hafa komið hugmyndir um að nauðsynlegt sé að koma á nýju stjórnsýslustigi vegna smæðar margra sveitarfélaga svo tryggja megi flutning frekari verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Kalli frekari flutningur verkefna, s.s. heilsugæslu, á nýtt stjórnsýslustig er vandséð að þar muni skapast svigrúm til aukinnar þjónustu með flutningi heilsugæslunnar til sveitarfélaganna.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins telur það vera grundvallaratriði að heilbrigðisþjónustan sé á einni og sömu hendi allt frá heilsugæslu til spítalaþjónustu annað kalli á ónauðsynlega togstreitu milli greiðsluaðila og til lengri tíma litið hljóti það að vera hagkvæmara og skilvirkara að heilbrigðisþjónustan sé á hendi sama greiðanda.


Virðingarfyllst,
f.h. Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins


Svanhvít Jakobsdóttir
forstjóri


Lúðvík Ólafsson
lækningaforstjóri


Þórunn Ólafsdóttir
hjúkrunarforstjóri

Jónas Guðmundsson
framkvæmdastjóri sviðs fjármála og rekstrar


Grétar Guðmundsson
framkvæmdastjóri starfsmannasviðs